

78. fundur skráningarráðs haldinn 25. ágúst 2014, í húsakynnum Landskerfis bókasafna, kl. 9:00-11:00

Fundarmenn: Rósa S. Jónsdóttir, Sigrún J. Marelsdóttir og Þóra Sigurbjörnsdóttir.

Einnig sátu fundinn Hildur Gunnlaugsdóttir ritstjóri Gegnis (fundarritari) og Sigrún Hauksdóttir þróunarstjóri Landskerfis bókasafna .

Fundargerð 77. fundar var á sínum tíma samþykkt í tölvupósti og birt á vef Landskerfis bókasafna.

Fundarefni:

1. Innleiðingaráætlun RDA

Farið var yfir erindi landsbókavarðar þar sem óskað er eftir því að skráningarráð geri drög að áætlun um innleiðingu RDA.

Farið var yfir skjalið „Minnispunktur að loknu RDA e-námskeiði“

- ✓ Fundarmenn voru sammála um að víkka tímarammann sem settur er fram í „Minnispunktum . . .“ og miða fremur við að taka upp skráningu samkvæmt RDA um áramót 2015/2016.
- ✓ Fyrir liggur að leita að álitlegum innleiðingaráætlunum, safna þeim saman og skoða. Ákveðið var að allir fundarmenn söfnuðu í þann sarp.
- ✓ Rannsaka þarf hvernig nafnmyndaskráin í Gegni er í stakk búin til að mæta RDA.
- ✓ Fyrir liggur að leita að álitlegu kennsluefni sem hægt er að hafa til hliðsjónar. Einnig þarf að gera markvissar atlögur að því að þæla í gegnum RDA reglurnar.

Um sérfræðiráðgjöf :

- 1) Stefnt er að því að fá sérfræðing erlendis frá og nota til þess skrásetjarasjóð í vörslu Upplýsingar.
- 2) Stefnt er að því að fá ráðgjöf um þýðingu á kaflanum Glossary

Næsti fundur um sama efni hefur verið boðaður miðvikudaginn 27. ágúst 2014